

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. janúar 2015
Tilvísun: UST20141200148/há

Lýsing, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, Stóra- Eyjavatna, vatnaflutningar

Vísað er í erindi sviðstjóra umhverfissviðs Ísafjarðarbæjar er barst 17. desember sl. þar sem óskað er eftir því að Umhverfisstofnun fjalli að nýju um aðalskipulagsmál vegna vatnaflutninga úr Stóra- Eyjavatni með hliðsjón af bréfi Orkubús Vestfjarða (OV). Í bréfi OV 10. desember sl. segir: „Athugasemd OV er að áréttu að ósk fyrirtækisins er í fullu samræmi við skilmála friðlýsingar Dynjanda frá 1986 en þar er Stóra Eyjavatn og aðrennslissvæði þess sérstaklega undanskilið friðlýsingunni.“

Í umsögn Umhverfisstofnunar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 14. nóvember sl. segir m.a.: „Að mati Umhverfisstofnunar eru vatnaflutningar úr Stóra- Eyjavatni, framkvæmdir sem munu hafa í för með sér breytingar á fossinum Dynjanda óásættanlegar og leggst stofnunin gegn þeim.“ Áréttuð skal hér að stofnunin telur að náttúruvættinu Dynjanda stafi ógn af umræddri framkvæmd þar sem Stóra- Eyjavatn er megin uppspretta vatnasviðs Dynjanda og þar af leiðandi sé hættu á umtalsverðri minnkun á vatnsrennsli til fossanna í Dynjandisá og þar með verði verndarandlagi hins friðlýsta svæðis sem er fossinn Dynjandi, ógnað.

Umhverfisstofnun bendir á að í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd, segir um IX. kafla laganna að í frumvarpinu sé lagt til að í fyrsta sinn verði stigið það skref í lögum að vernda tilteknar landslagsgerðir sem eru sérstaks eðlis og æskilegt má telja út frá náttúruverndarsjónarmiðum að njóti sérstakrar verndar. Í frumvarpinu er að finna almenna reglu sem ætlað er að hvetja til sérstakrar varkárni í umgengni mannsins við tilteknar landslagsgerðir, þ.á.m. stöðuvötn og fossa. Þar segir að fossar í ám og lækjum hafi sérstöðu frá sjónarhóli náttúruverndar að verndargildi þeirra er einkum fagurfræðilegt og gildi þeirra sem landslagsprýði sé óumdeilt. Þótt hin sérstaka vernd feli ekki í sér leyfisskyldu Umhverfisstofnunar þá gefur hún vísireglu um verndarandlagið þegar önnur ákvæði laganna eru túlkuð. Skv. 38. gr. laganna, sem fjallar um hættu á röskun náttúruminja, þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Ákvæðið nær til framkvæmda innan marka friðlýstra svæða eða til svæða sem friðlýsing tiltekur sérstaklega að skuli vernda. Umhverfisstofnun vill áréttu að umrædd framkvæmd, eins og henni er lýst í greinargerð um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, er því ekki leyfisskyld skv. 38. gr. laganna þar sem Stóra- Eyjavatn er sérstaklega undanskilið í friðlýsingu Dynjanda.

Áður hefur komið til álita að virkja á vatnasviði Dynjanda og visar Umhverfisstofnun hér í álit forvera stofnunarinnar Náttúruverndarráðs frá 2. janúar 1978, en þar segir um gildi fossins. „Það mun samdóma álit manna, að Fjallfoss sé einn af 5-10 fegurstu fossum á Íslandi. Myndir af honum hafa víða birst og frægð hans flogið með þeim“. Einnig segir: „Gildi fossins er þannig fyrst og fremst fegurðargildi fyrir landið í heild og fyrir Vestfirði sérstaklega Hann er í tölu ómælanlegra þjóðarverðmæta með svipuðum hætti og helgustu söguslóðir landsins listaverk okkar mestu snillinga í myndlistum og bókmenntum og þær byggingar sem öðlast hafa þann sess í sögu þjóðarinnar að við viljum ekki án þeirra vera Skerðing hans yrði því spjöll á helgi landsins og óbætanlegt tjón. Þjóðin verður að hafa efni á því að eiga slík verðmæti óskemmd, þótt fjárhagslegur ávinningur kunni að vera í boði.“ Í niðurstöðum Náttúruverndarráðs segir m.a. „Í stuttu máli telur Náttúruverndarráð að verndargildi Fjallfoss og þýðing hans sem náttúruvætti sé meira en hugsanlegur ávinningur af virkjun hans. Telur ráðið að Íslendingar hljóti að hafa efni á að friða hann og leggja hann í hendur á afkomendum til ráðstöfunar í samræmi við þá lífsskoðun eða þá nauðsyn sem síðar kann að ríkja. Fyrir sitt leyti stefnir Náttúruverndarráð að friðun fossins.“ Umhverfisstofnun bendir á að Dynjandi er einn af hæðstu fossum landsins og einn af fyrstu fossunum sem sett var á íslenskt frímerki. Dynjandi er þekktur víða utan landsteinanna þar sem hann er mikið notaður í markaðssetningu hjá ferðaþjónustufyrirtækjum. Í umfjöllunum erlendra gesta (m.a. á tripadvisor.com) sem hafa heimsótt Dynjanda, er fossinn nánast undantekningarlaust talinn einn af fegurstu náttúrulegum Íslands.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar um ástand friðlýstra svæða árið 2014 kemur fram að náttúruvættið Dynjandi er eitt af þeim svæðum sem lendir á appelsínugulum listu en það eru svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við. Í skýrslunni eru tækifærin við verndun svæðisins tilgreind og er þar m.a. nefnd gerð verndar- og stjórnunaráætlunar ásamt viðhaldi, hönnun og uppbyggingu innviða. Umhverfisstofnun í samvinnu við Ísafjarðarbæ og landeigendur RARIK vinna nú sameiginlega að gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið. Umhverfisstofnun bendir á að á sama tíma og Ísafjarðarbær er að vinna að breytingum á aðalskipulagi sínu sem m.a. gerir ráð fyrir vatnaflutningum úr Stóra-Eyjavatni, sem mun hafa í för með sér breytingar á vatnsrennsli til fossins Dynjanda og annarra fossa í Dynjandisá þá hefur bærinn verið að vinna með stofnuninni að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir náttúruvættið. Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar og hvernig stefnt skuli að viðhaldi verndargildis svæðisins í anda sjálfbærrar þróunar. Verndar- og stjórnunaráætlunin er unnin í víðtæku samráði við fjölmarga aðila. Ráðgert hefur verið að áætlunin fyrir náttúruvættið verði tilbúin í mars/apríl 2015. Einnig stendur yfir uppbygging á innviðum með það að markmiði að draga úr álagi vegna ágangs ferðamanna á svæðinu og gera það betur í stakk búið til að taka á móti auknum fjölda ferðamanna sem heimsækja náttúruvættið, en undanfarin ár hefur sá fjöldi margfaldast. Þá hafa verið sett upp þurrsalerni þar sem einnig er orðin þörf á að þjónusta ferðamenn yfir vetratímam, en fossinn Dynjandi hefur ekki síður mikið aðdráttarafl að vetri til.

Samkvæmt aðferðafræði IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna) um flokkun friðlýstra svæða, þá flokkast náttúruvættið Dynjandi í flokk III. Í þessum flokki eru svæði sem hafa það að megin markmiði að vernda sérstæðar náttúruminjar ásamt líffræðilegum fjölbreytileika og búsvæðum því tengdu. Það sem gerir verndarflokk III frábrugðinn öðrum verndarflokkum er að verndargildi svæða í þessum flokki eru oft meira metin út frá tilfinningum fólks til svæðisins en önnur fræðileg gildi. Hafa þarf í huga að í tengslum við þennan verndarflokk að oftast er um að ræða tiltölulega lítil svæði sem oft reiða sig á mun stærra svæði til að geta þrífist (eins og í tilfalli Dynjanda). Þetta á sérstaklega við þegar kemur að fossum sem reiða sig á mun stærri vistkerfi og eru vatnasvið þeirra mikilvæg til að viðhalda náttúrulegu rennsli þeirra.

Niðurstöður

Umhverfisstofnun telur eðli málsins samkvæmt að sú skipulagsbreyting sem Ísafjarðarbær vinnur að varðandi vatnasvið náttúruvættisins verði að taka fyrir með formlegum hætti við vinnslu verndunar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúruvættið Dynjanda sem bærinn er einnig að vinna að á sama tíma, í ljósi þess að sérkenni fossins og aðdráttarafl eru vatnsmagn hans og formfegurð og á því fullt erindi inn í þá vinnu sem fer fram við gerð verndar- og stjórnunaráætlunarinnar.


Umhverfisstofnun bendir á að skilyrði sem koma fram í friðlýsingum sbr. 1. mgr. 50. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 (einkum friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar) sem birtar hafa verið í Stj.tíð. B eru misjafnlega ítarleg og friðlýsingarnar misgamlar. Í seinni tíð hafa friðlýsingarnar orðið ítarlegri og skýrari. Umhverfisstofnun telur að endurskoða ætti auglýsingu um náttúruvættið Dynjanda og m.a. endurskoða mörk hins friðlýsta svæðis m.t.t. verndunar alls vatnasviðs Dynjanda.

Það er álit Umhverfisstofnunar að vatnaflutningar úr Stóra- Eyjavatni séu í andstöðu við raunveruleg markmið friðlýsingar Dynjanda, þar sem fossinn Dynjandi er verndarandlagið og friðlýsing hans á að stuðla að verndun fossins. Umhverfisstofnun telur að frekar en að veita vatni af vatnasviði Dynjanda, ætti að horfa til verndun alls vatnasviðs Dynjanda svo að vatnsrennsli verði óskert og að fossinn Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá falli frjálssir og óheftir eins og náttúran ætlar þeim.

Virðingarfyllst



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason
Lögfræðingur